



Fréttabréf Borgarhólsskóla

Október
2006

MEDAL EFNIS

Haustsigling 2006	3
Laxárskóli	4
Tunguheiði	2
Heimsókn frá Noregi	4
Ný heimasíða	4
Nýir mjólkurkælar	1
Skólamötuneyti	4

Frá skólastjóra

Á undanförunum árum hafa rafrænar upplýsingar af ýmsu tagi aukist gríðarlega í samfélaginu og sér ekki fyrir endann á þeirri þróun. Við í skólanum tókum þessari þróun fagnandi og höfum sett okkur að undirbúa nemendur okkar við að nýta sér ýmsa möguleika netheima sér til þroska. Skólinn er nú all vel búinn tölvum og tækjum og áhersla hefur verið lögð á endurmenntun kennara á þessu sviði síðustu árin. Stefna okkar er sú að upplýsingamennt sé ekki eingöngu sjálfstæð námsgrein heldur sjálfsögð í öllum námsgreinum og nemendum sé kennt að nota viðeigandi upplýsingaveitur sér til þroska en ekki til tjóns. Sú ábyrgð hvílir á skólanum og foreldrum að kenna börnum og unglingum að nota rafrænu veröldina á uppbyggjandi hátt. Ef menn láta reka á reiðanum á þessu sviði er hættu á ferðum því margt í netheimum er síður en svo mannbætandi.

Heimasíða skólans (www.borgarholsskoli.is) er í þróun í þeim tilgangi að gagnast forráðamönnum sem best. Þetta fréttabréf er eins konar útdráttur af fréttum og tilkynningum síðunnar sem af er hausti því ekki er tryggt að allir forráðamenn hafi rafrænan aðgang. Nú eiga flestir forráðamenn að hafa fengið sent lykilorð á fjölskylduvef skólans og geta fylgst með ýmsum þáttum í framvindu skólastarfs barna sinna. Við erum ekki komin á leiðarenda með þær upplýsingar sem aðgengilegar eru á vefnum en stefnum að því að bæta þær jafnt og þétt. Ef forráðamenn hafa ekki fengið lykilorð þurfa þeir að hafa samband við umsjónarkennara.

Það skal áréttað að traust og uppörvandi samband heimilis og skóla er einn mikilvægasti hornsteinn farsæls skólastarf, þess vegna leggjum við áherslu á hagnýtar og aðgengilegar upplýsingar til forráðamanna á sem flestum sviðum.

Nú eru haustfundir foreldra með umsjónarkennurum afstaðnir. Við erum stolt af því hve vel hefur tekist í mörgum bekkjum að glæða samkennd meðal foreldra og umsjónarkennara um góðan bekkjaranda, en betur má ef duga skal.

H. V.

Nýir mjólkurkælar

Í byrjun skólaárs voru nýir mjólkurkælar teknir í notkun. Þeir leysa fernurnar af hólmi. Nú geta nemendur sótt sér ískalda léttmjólk beint úr kæluum. Sækja þarf um mjólkuráskrift til umsjónarkennara. Mikil ánægja er með þessa breytingu og þeim fjölgar stöðugt sem nota sér þessa ódýru og góðu þjónustu.

H. V.

Tilkynningar

- Vetrarfrí 23. október
- Starfsdagur 24. október
- Árshátið unglingadeildar
10. nóvember
- Dagur íslenskar tungu
16. nóvember
- Þemadagar
20. og 21. nóvember

Tunguheiði gengin 15. september 2006

Í Borgarhólsskóla er að skapast sú hefð að áttundi bekkur gangi Tunguheiði að hausti. Í fyrra viðraði þannig allt haustið að heiðin var nánast ófær sakir bleytu. Var því ekki gengið þá en nú gengu bæði áttundi og níundi bekkur.

Föstudagurinn 15. september varð fyrir valinu sem göngudagur þetta haustið. Svo óheppilega vildi til að sama dag var fótboltamót á Akureyri þannig að 16 drengir komust ekki í gönguna.

Upp úr klukkan átta þann dag söfnuðust nemendur, kennarar og foreldrar saman í bíla Rúnars Óskarssonar sem fluttu hópinn að Syðritungu. Þar hófst gangan með góðu leyfi Árna Grímseyings.

Er upp úr túninu kom var gengið eftir allgreiðfærum slóða þar til komið var undir Tungunúp. Þar var áð við lækjarsprænur þannig að þyrstir gátu svalað þorsta sínum og allir fyllt flöskur vatni. Nesti maulað úr mal.

Gekk nú hópurninn glaður og hress allt að Skarðsbrekku og upp hana. Hvíld við vörðuna.

Nú tók að lægja þann vind sem nokkur var og gengið án vandræða yfir Biskupsás allt niður fyrir Gerðibrekku þar sem áð var og seinni hluti nestisins hesthúsaður.

Með Sauðafell á hægri hönd, Gerðibrekku á þá vinstri og útsýni til Fjalla er ólýsanlegt.

Nú var gengið til Fjalla með stuttum stoppum. Lásu sumir ber af lyngi því þetta svæði er gott berjaland. Þegar komið var á Nónhæð skrifuðu flestir í gestabók sem þar er geymd í plastkassa.



Myndir úr gönguferðinni eru á www.borgarholsskoli.is



Þegar komið var að Fjöllum var Rúnar bílstjóri þar kominn fyrir dágóðri stundu með bíla sína. Gangan hafði tekið ögn lengri tíma en áætlað var. Sennilega hefur hópurninn áð oftast og lengur en gert var í fyrri ferðum enda bauð veðrið upp á það.

Þegar komið var til Húsavíkur var klukkan farin að halla í fimm.

Þess skal að lokum getið að nemendahópurninn sem gekk Tunguheiði að þessu sinni var sérstaklega meðfærilegur. Enginn sem hljóp á undan eða hegðaði sér undarlega á annan hátt.

Haustsigling 2006

Nú má segja að það sé orðin hefð við Borgarhólsskóla að sigla með unglिंगadeildir að hausti á bátum Norðursiglingar um Skjálfandaflóa. Í haust var siglt þriðjudaginn 3. október.

Fyrst var siglt haustið 2003 og þá út í Flatey. 2004 var farið í Naustavík og 2005 var siglt út með Tjörnesi. Núna var aftur siglt út í Flatey. Ætlunin er að halda þessu ferðaplani þannig að þeir sem brautskrást frá Borgarhólsskóla séu a.m.k. þrísigldir á Skjálfanda.

Mánudaginn 2. október 2006 var spáin góð, þannig að ákveðið var að sigla að morgni. Spáin gekk eftir og var lagt úr höfn á Náttfara og skonnortunni Hauki um níuleytið í

blíðskaparveðri. Með Hauknum sigldu tíundubekkingar ásamt umsjónarkennurum og skólastjóra en aðrir með Náttfara. Skipstjóri á Hauknum var Einar Magnússon og Heimir Harðarson leiðsögumaður. Á Náttfara var Hreiðar Olgeirsson skipstjóri og Þórunn Harðardóttir leiðsögumaður.

Stefnan var sett á Vargsnes. Á leiðinni yfir flóann fræddu leiðsögumenn ferðalanga um lífríki flóans, bátana og hvalaskoðun. Haukur er t.d. eina skonnortan á Íslandi. Þegar komið var að Fiskiskeri sáust a.m.k. tvær hrefnur blása og var þeim veitt athygli um stund. Þá var stefnan tekin út með Víknafjöllum sem skörtuðu sínu fegursta. Vel sást upp í Hvanndalina og Hágöng gnæfðu yfir.



Myndir úr haustsiglingunni eru á www.borgarholsskoli.is

boðið upp á heitt kakó og snúða að hætti Norðursiglingar. Þá sáust bæði höfrungar og hnísur. Ætlunin var að vinda upp segl á Hauknum og sigla, en þar sem enginn byr var létu menn nægja að heisa eitt segl, skonnortuseglið sem er á fremri siglunni. Um stund sigldu bátarnir samsíða og sungu farþegar þá af lífs- og sálarkröftum.

Komið var til hafnar á Húsavík um hálf fjögur.

Það var mál manna að þetta hafi verið mjög góð ferð enda veðrið frábært og enginn sjóveikur.

G. H. F.



Laxárskóli

Þann 30. og 31. ágúst fóru nemendur 6. bekkjar í

Borgarhólsskóla ásamt jafnöldrum í Hafralækjarskóla og kennurum í rannsóknarferð að Laxá í landi Hrauns í Aðaldal í boði Hermanns Bárðarsonar líffræðings sem á þá hugmynd að gera umhverfi og lífríki Laxár að uppsprettu rannsókna grunnskólanema á Húsavík og í Aðaldal. Náttúrustofa Norðurlands eystra og Þekkingarsetur Þingeyinga aðstoðuðu og lögðu til hugmyndavinnu, leiðbeinendur, tæki og tól. Bárður Guðmundsson dýralæknir gaf veiðidaga fyrir landi Hrauns. Nemendum var skipt í hópa og fengu að veiða og stunda rannsóknir af ýmsu tagi undir stjórn sérfræðinga á mörgum sviðum. Þessi vísindaferð tókst með ágætum og er stefnt að því að þróa Laxárskólann og finna fleiri árgöngum verðug verkefni á næstu árum.

Þökkum öllum þeim sem hjálpuðu okkur við að gera þessa góðu hugmynd að veruleika



Myndir úr Laxárskóla eru á www.borgarholsskoli.is

H. V.

Heimsókn frá Noregi

Starfsmenn frá Gardskole í Haugasundi komu í heimsókn í skólann miðvikudaginn 6. september. Fyrir hópnum fór Hólmfríður Garðarsdóttir, kennari í Gardskole

og fyrrum kennari Borgarhólsskóla, sem ættuð er frá Húsavík. Hópur starfsfólks, foreldra og nemenda komu í heimsókn til okkar árið 2003 og stór hópur frá okkur fór til Haugasunds árið 2004. Tekist hafa góð kynni milli þessara tveggja skóla. Gardskole er barnaskóli og eru um 50 manns í hópnum sem kom hingað



Hópurinn kom til Íslands sunnudaginn 3. september og kom til Húsavíkur að kvöldi þriðjudagsins 5. september og dvaldi Húsavík fram á föstudag. Norðmennirnir voru í Borgarhólsskóla miðvikudaginn 6. september með starfsmönnun skólans og tóku þátt í skólastarfinu. Að loknum skóladegi var gagnkvæm kynning á skólunum og samvera starfsfólks um kvöldið á Hvalasafninu. Á fimmtudaginn 7. september var farið til Akureyrar á fyrirlestur í háskólanum og var komið við í Mývatnssveit á heimleiðinni. Gestirnir voru kvaddir á Sölku á fimmtudagskvöldið og lögðu af stað heim á leið morguninn eftir.

H. V.

Ný heimasíða

Útbúin hefur verið ný heimasíða fyrir skólann. Þessi vefsíða er unnin í vefumsjónakerfinu Moya.

Sveitarfélagið Norðurþing samdi við Stefnu á Akreyri um vefsíðukerfi fyrir sveitarfélagið og undirstofnanir þess sem eru leikskólar, grunnskólar, tónlistarskólar og bókasófn.

Hugmyndin er að vefsíðurnar tengist saman þannig að auðvelt sé að fara á milli þeirra. Hægt er að skrá sig á póstlista og fá upplýsingar þegar ný frétt er sett inn á vefinn. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir ofl.

Vefslóðin er: www.borgarholsskoli.is

Ó.B.

Skólamötuneyti

Skólamötuneytið tók til starfa 1. september og eru 255 af 357 nemendum í fullu fæði fjóra daga vikunnar sem er tölverð aukning frá í fyrra. Örlitlir byrjunarörðugleikar gerðu vart við sig vegna þess mikla fjölda sem nú matast í hádeginu en með samstilltu átaki skólaliða og starfsfólks hótelsins hefur tekist að ráð bót á því. Haldnir eru reglulegir fundir skólastjóra, hótelsstjóra og skólaliða um þau atriði sem betur mega fara. Manneldisráð fer yfir matseðlana. Ekki fer á milli mála að veruleg jákvæð breyting er á líðan nemenda sem fá hádegismat, það finnum við í skólanum. Sveitarfélagið niðurgreiðir skólamáltíðir.

Með ósk um jákvætt og gott samstarf foreldra, nemenda, starfsmanna hótels og skóla.

Kveðjur frá skólaliðum í mötuneyti.